# Umferðarspá

Um Hringveg yfir Mýrdalssand við brú yfir Dýralæki vegnr. 1-b1

Umferð á þessum stað hefur að jafnaði vaxið um tæp 6% á ári, milli áranna 2000 – 2021. En því er spáð að ólíklegt verði að slíkur vöxtur haldi áfram. Hvert spáár skal lesið frá vinstri til hægri, í töflu á spáriti, þar sem líklegast er talið að raungildi framtíðar lendi innan græna svæðis en minna líklegt innan bláa og rauða svæðis. 5% líklegt að raungildi lendi utan ystu marka spárinnar. Spágildi eru gefin upp 5. hvert ár, en leyfilegt er að „interpolera“ í þrengri bil. Ekkert einstakt spágildi er líklegra en annað.
Ath. spágildi lýsa ekki hönnunarumferð.

## Almennar forsendur

- Íbúaþróun á Íslandi vaxi í takt við spár Hagstofu Íslands.
- Þróun umferðar yfir umferðarteljara, við Dýralæki á Mýrdalssandi, frá 2000 – 2021.
- Heildarakstur og akstur á hvern bíl, á Íslandi, haldi áfram að vaxa.
- Erlendum ferðamönnum, til Íslands, fjölgi hratt á næstu árum, en hægi síðar á.
- Bílaeign vaxi í takt við íbúaþróun.
- Árlegur meðalhagvöxtur á spátíma verði 3,5%.
- Orsökuð umferð/umferðarstökk, vegna vegabóta, rúmast innan marka spárinnar.
- Spár miðast við ekkert gjald sé tekið fyrir akstur um vegkaflann.
- Engar náttúruhamfarir eða óvæntir atburðir, sem gætu haft varanleg áhrif á þróun umferðar, teknir inn í útreikninga enda ekki hægt að sjá neitt slíkt fyrir.
- Hagvöxtur og erlendir ferðamenn verði drifkraftur í vexti umferðar.
- ÁDU/SDU hlutfall verði frá 0,550 – 0,650 á spátíma.

## Spá




| ÁR | ÁDU lágspá | ÁDU líklegast neðri | ÁDU líklegast efri | ÁDU háspá |
|---|---|---|---|---|
| 2021 | 887 | 887 | 887 | 887 |
| 2025 | 650 | 1.050 | 1.850 | 2.550 |
| 2030 | 720 | 1.170 | 2.500 | 3.750 |
| 2035 | 880 | 1.600 | 3.050 | 4.900 |
| 2040 | 1.100 | 1.750 | 3.700 | 5.800 |
| 2045 | 1.100 | 1.950 | 4.100 | 6.400 |
| 2050 | 1.100 | 2.250 | 4.400 | 6.800 |
| 2055 | 1.150 | 2.500 | 4.600 | 7.100 |
| 2060 | 1.300 | 2.800 | 4.750 | 7.300 |

Umferðardeild, mars 2022, (fib)